

Lög

um

almennan ellistyrk.

Nr. 17.

9.
júlí.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa ellihrumu fólki. Í sjóð þenna rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár.

2. gr.

Gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

- a. Þeir, sem njóta sveitarstyrks.
- b. Þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi, ef þessir menn hvorirtveggja að áliti hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar.
- c. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.
- d. Þeir, sem hafa trygt sjer fje til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti.

3. gr.

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í styrktarsjóðinn 1 kr. 50 a. á ári, en kvenmaður 75 aura.

4. gr.

Í ellistyrktarsjóð rennur gjald fyrir leyfisbrjef til lausamensku samkv. 1. gr. í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til styrktarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lög-
Nr. 17. Lög 9. júlí um almennan ellistyrk.

Lov

om

almindelig Alderdomsunderstøttelse.

Nr. 17.
9.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I hver Købstad og hver Rep i Landet skal der oprettes en Understøttelseskasse for aldrende Folk. Den Understøttelseskasse for Almuesfolk, der findes i Købstaden eller Reppen, tilfalder denne Kasse.

Til disse Kasser yder Landskassen et aarligt Tilskud, der fastsættes til 50 Øre for hver til Kassen afgiftspligtig det paagældende Aar.

§ 2.

Afgiftspligtig til Alderdomsunderstøttelseskassen er enhver Mand og Kvinde, der har fyldt det 18de Aar og ikke er over 60 Aar, med Undtagelse af efternævnte Personer:

- a. De, som nyde Fattigunderstøttelse.
- b. De Personer, hvem Forsørgelse af en eller flere Trængende paahviler, samt de, der formedelst Sygdom eller af andre uforskyldte Grunde ikke kunne fortjene Løn, saafremt begge disse Klasser Mennesker efter Repforstanderskabets Mening paa Grund af Fattigdom er ude af Stand til at erlægge Afgiften og ikke betale Ekstra-bidrag til Kommunen.
- c. De, som afsone Strafarbejde.
- d. De, som have erhvervet sig en Livrente efter 60 Aars Alder af mindst 150 Kr. aarlig.

§ 3.

Enhver afgiftspligtig Mandsperson betaler til Understøttelseskassen 1 Kr. 50 Øre aarlig, og en Kvinde 75 Øre.

§ 4.

Kendelsen for Bevilling til at være Løsemand i Henhold til Lov Nr. 3 af 2. Febr. 1894 § 1 om Forandring i Forordning om Løsemænd og Husmænd i Island af 26. Maj 1863 samt om Tillæg til samme tilfalder Alderdomsunderstøttelseskassen.

§ 5.

Repsforstanderskaberne have inden Udgangen af hvert Aars Januar Maaned at affatte en Fortegnelse over alle til Understøttelseskassen afgiftspligtige Personer i Reppen. I Købstæderne affatte 3 Mænd, som Byraadet vælger dertil af sin Midte, disse

Nr. 17. Lov af 9. Juli om almindelig Alderdomsunderstøttelse.

Nr. 17. heimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að láta nefndum þessum í tje skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr mann-
talsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

6. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til ellistyrktarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

- a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
- b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
- c. Húsbændur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
- d. Iðnaðarmenn eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
- e. Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita.
- f. Húsráðendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að álitu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, hafa rjett til þess að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupum þeirra eða launum.

7. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til ellistyrktarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

8. gr.

Nú álitur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mót-bárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfsmánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslu-manns innan 15. dags marzmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendár hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum, og hefir hann þá rjett til að fá gjaldið endurgoldið úr styrktarsjóðnum í því sveitarfjelagi, sem hann
Nr. 17. Lög 9. júlí um almennan ellistyrk.

Fortegnelser. Paa Fortegnelsen skal alle de opføres, der have Hjemsted i Købstaden Nr. 17. eller Reppen den 1. Januar. Er der Tvivl om en Persons Hjemsted, skal Vedkommende optages i Fortegnelsen i den Købstad eller Rep, hvori han opholder sig ved Nytaar. Alle de, der have fyldt 18 Aar den 1. Januar, og ligeledes de, der ikke have fyldt 60 Aar den samme Dag, skulle opføres paa Fortegnelsen. Fortegnelsen skal udfærdiges paa et af Ministeriet affattet Skema.

9.
Juli.

Politimesteren i Reykjavik og enhver Præst, hver for sit Præstekald, er pligtig til at tilstille dem, der skulle affatte disse Fortegnelser de i denne Henseende nødvendige Oplysninger af Folketællingslisterne i Reykjavik og andre Steder af vedkommende Sjeleregister.

§ 6.

Foruden at de afgiftspligtige skal betale Afgiften til Alderdomsunderstøttelseskassen hver for sig, ere de ogsaa pligtige til at erlægge Afgiften for andre i følgende Tilfælde:

- a. Gifte Mænd erlægge Afgiften for deres Hustruer saalænge Ægteskabet ikke lovlig er ophævet og begge Ægtefællerne opholde sig i samme Kommune.
- b. Forældre og Plejeforældre erlægge Afgiften for deres Børn og Plejebørn, som tjene hos dem, blive forsørgede af dem, eller hvis Uddannelse de bekoste.
- c. Husbonden erlægger Afgiften for sit Tyende og andet Tjenestefolk.
- d. Haandværkere skal udrede Afgiften for deres Arbejdere (Lærlinge og Svende).
- e. Købmænd, Faktorer og andre Arbejdsgivere udrede Understøttelsesafgiften for dem, der have fast Tjeneste hos dem, saafremt de sidstnævnte ikke selv holder Dug og Disk.
- f. Enhver Husfader erlægger Afgiften for de Løsemænd og Løsekoner, hos hvem de have deres Hjem det sidste Tjenesteaar, samt for de Husmænd, som ikke have Beboelse for sig selv.

Naar disse Personer efter Repsforstanderskabets eller Byraadets Skøn befindes fuldstændig uformuende, bortfalder deres Forpligtelse til at udrede Understøttelsesafgift for andre, medens Ydelsespligten i saa Tilfælde overgaar paa disse. De som erlægge Afgiften til Understøttelseskassen for andre, have Ret til at debitere den afgiftspligtige for Beløbet samt til at tilbageholde Afgiften i deres Løn.

§ 7.

De over til Alderdomsunderstøttelseskasserne afgiftspligtige Personer affattede Fortegnelser skulle henligge til almindeligt Eftersyn fra 1. til 7. Februar hvert Aar paa et bekvemt Sted i Reppen eller Købstaden. Det skal bekendtgøres med en Uges Varsel, paa hvilket Sted Fortegnelserne fremlægges.

§ 8.

Den, som mener at nogen er ulovlig opført paa Fortegnelsen eller ulovlig udeladt, kan inden 15. Februar fremsætte sine Anker eller Forlangender for vedkommende Repsforstanderskab eller Byraad, der afgiver Kendelse over Sagen inden 14 Dage derefter. Denne Kendelse kan inden 15. Marts forebringes vedkommende Sysselmand til endelig Afgørelse. Fortegnelserne skulle inden 15. April indsendes til vedkommende Sysselmand eller Byfoged.

Naar en og samme Person har været opført paa Fortegnelserne i to forskellige Kommuner, har vedkommende Ret til at faa Afgiften refunderet af Understøttelses-

Nr. 17. átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

9.
júli.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Innheimtumenn fá 2 % fyrir gjaldheimtuna.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag ellistyrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Árgjöld til ellistyrktarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa styrktarsjóðsgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $\frac{2}{3}$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og enn fremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

13. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

14. gr.

Styrk þann, er árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir ellihrumum fátæklingum, sem eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir, og heima eiga í hreppnum eða kaupstaðnum, án tillits til þess, hvar þeir eru sveitlægir, svo framarlega sem umsækjandi á framfærslurjett hjer á landi og hefir ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin; þó er sveitarstjórn heimilt að veita konu, er skilið hefir við mann sinn að borði og sæng eða að lögum eða orðið ekkja, ellistyrk, þótt maður hennar hafi þegið sveitarstyrk meðan þau voru saman og eigi sjeu liðin 5 ár frá því hann þáði af sveit.

Þegar sjerstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn enn fremur Nr. 17. Lög 9. júli um almennan ellistyrk.

kassen i den Kommune, hvor han ikke havde fast Bopæl den 1. Januar, hvilket han bør bevise for vedkommende Sysselemænd eller Byfoged inden det paagældende Aars Udgang. Nr. 17.
9.
Juli.

§ 9.

For Købstædernes Vedkommende skal Byfogderne og for Reppernes Vedkommende Sysselemændene indkræve Afgiften paa Mandtalstingene, og derefter indsætte den til Forrentning i Islands Sparebanks Hovedafdeling; for deres Ulejlighed oppebære de 2 pCt. af den indkrævede Afgift.

§ 10.

For Købstæderne skulle Byfogederne og for Repperne Sysselemændene føre Kassens Regnskaber samt opbevare deres Papirer. Kassernes Regnskaber for hvert Aar skulle inden Udgangen af næstpaafølgende Januar Maaned tilstilles vedkommende Byraad eller Sysselforstanderskab, der vælger to Mænd til at revidere dem, hvorefter Byraadet eller Sysselforstanderskabet deciderer dem. I Købstæderne tilstiller Byraadet Ministeriet en aarlig Beretning om Alderdomsunderstøttelseskassernes Status, og en tilsvarende Beretning bliver af Sysselforstanderskaberne at tilstille Ministeriet. I Regeringstidenden skal der aarlig optages en Beretning om Understøttelseskassernes Status for hver enkelt Købstad og Syssele.

§ 11.

For Afgiften til Understøttelseskassen kan Udpantning finde Sted overensstemmende med Lov af 16. Decbr. 1885 om Udpantning uden forudgaaende Dom eller Forlig, hvorhos disse Afgifter ere ligestillede med Skatter og Afgifter til Landskassen i de afgiftspligtiges Døds- eller Konkursboer.

§ 12.

I hver Købstad og hver Rep skal der sædvanlig hvert Aar, hvis Ansøgning fremkommer fra værdige Trængende, fordeles $\frac{2}{3}$ af de Afgifter, der det paagældende Aar skal erlægges til Alderdomsunderstøttelseskassen i vedkommende Købstad eller Rep, Aarets halve Tilskud fra Landskassen, samt Halvdelen af de for det sidste Aar indvundne Renter af Kassens Kapitaler.

§ 13.

Inden Udgangen af hvert Aars Juli Maaned har vedkommende Sysselemænd at underrette Repsforstanderskaberne om, hvor meget der samme Aar bliver at fordele af Understøttelseskassen, og tilsvarende Forpligtelse paahviler Byfogederne overfor Byraadene, hvorefter Repsforstanderskaberne og Byraadene bekendtgør det i Reppen eller Købstaden paa sædvanlig Maade inden Udgangen af August Maaned.

§ 14.

Den Understøttelse, der aarlig skal fordeles, tildeles af Repsforstanderskaberne og Byraadene aldrende trængende, der have fyldt deres 60 Aar og have hjemme i Reppen eller Købstaden, uden Hensyn til hvor de ere forsørgelsesberettigede, for saa vidt Ansøgeren har Forsørgelsesret her i Landet og ikke i de 5 sidste Aar har modtaget Fattighjælp. Dog er Kommunalbestyrelsen bemyndiget til at tildele en frasepareret eller fraskilt Kone eller en Enke Alderdomsunderstøttelse, om end hendes Mand har modtaget Fattighjælp medens de boede sammen, og skøndt der ikke er hengaaet 5 Aar siden han modtog Fattighjælpen. Under ganske særlige Omstændigheder har Repsforstander-
Nr. 17. Lov af 9. Juli om almindelig Alderdomsunderstøttelse.

Nr. 17. heimilt að veita styrk þann, er hjer um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þótt ekki sjeu þeir orðnir sextugir að aldri.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðöl, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um ellistyrk er að ræða.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf umsækjanda er og hvort hann er reglusamur og vandaður maður.

15. gr.

Peir, er vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu fyrir lok september mánaðar ár hvert senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbrjefið að fela í sjer þær upplýsingar, sem með þarf til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, sjeu sannar.

16. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum og ekki yfir 200 kr.

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

17. gr.

Ef engin umsókn um styrk úr ellistyrktarsjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rjett að úthluta öllu því fje, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangur verður, lagt við innstæðu sjóðsins.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910 og ber að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1910.

19. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

skabet Hjemmel til at yde den heromhandlede Understøttelse til fattige Folk med svage- Nr. 17.
ligt Helbred, uagtet de ikke har opnaaet 60 Aars Alderen.

Understøttelse til Lægehjælp, Medicin, Hospitalsunderhold, Bandage og deslige, anses ikke for Fattighjælp ved Spørgsmaalet om Erholdelsen af Alderdoms-understøttelse.

Ved Understøttelsens Tildeling skal navnlig ses hen til vedkommendes Trang samt til, om han er en ædruelig og hæderlig Person.

§ 15.

De, der ønske Understøttelse af Alderdomsunderstøttelseskassen, skal inden Udgangen af September Maaned hvert Aar, indsende en skriftlig Ansøgning om Understøttelse til vedkommende Byraad eller Repsforstanderskab; Ansøgningen skal indeholde de til Bedømmelsen af vedkommende Ansøgers Adgang til Understøttelsen nødvendige Oplysninger. Med Ansøgningen skal følge en Attest fra en vederhæftig og god Mand om, at de i Ansøgningen indeholdte Oplysninger ere rigtige.

§ 16.

Understøttelsen tildeles inden Udgangen af Oktober Maaned. Understøttelsen gives for et Aar ad Gangen, og maa ikke udgøre mindre end 20 Kr. og ikke overstige 200 Kr. Regeringen fastsætter de nærmere Regler om Understøttelsens Fordeling.

§ 17.

Hvis ingen Ansøgning om Understøttelse af Alderdomsunderstøttelseskassen fremkommer til vedkommende Byraad eller Repsforstanderskab eller det af andre gyldige Grunde ikke findes rigtigt at uddele hele det i § 11 omhandlede Beløb, bliver Resten at henlægge til Kassens Fond.

§ 18.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1910, og bliver der at opkræve Afgiften til Alderdomsunderstøttelseskasserne i Henhold til den for første Gang paa Mandtalstingene i Aaret 1910:

§ 19.

Lov af 11. Juli 1890 om Understøttelseskasser for Almuesfolk og Lov af 18. Decbr. 1897 indeholdende Forandring i Lov om Understøttelseskasser for Almuesfolk ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.